

Nd. 239. Frumvarp til laga

um breyting á löguin nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

13. gr. laganna falli niður. 1. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

G r e i n a r g e r ð .

13. gr. laganna um byggingarsamvinnufélög hljóðar svo: „Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur, að viðbættri ríkisábyrgð, nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.“ Þetta ákvæði verður að telja óeðlilegt eins og nú er komið verðlagi, og ættu ákvæði 5. og 12. gr. laganna að nægja sem takmörkun á útlánum félaganna.